

Skýrsla GDLH fyrir starfsárið 2020.

Aðalfundur félagsins var haldinn 13. nóvember 2019 í húsakynnum ÍSí. Erlendur Árnason gaf ekki kost á sér til formennsku áfram og var Jón Þorberg Steindórsson kjörinn í hans stað.

Stjórn GDLH 2020-2021 er þannig skipuð:

Jón Þorberg Steindórsson formaður

Reynir Örn Pálmason varaformaður

Ágúst Hafsteinsson gjaldkeri

Randi Holaker ritari

Sigurður Sigurðarson meðstjórnandi

Varamenn í stjórn: Darri Gunnarsson og Jóhann G. Jóhannesson

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var skipað í embætti innan stjórnar og fræðslunefnd jafnframt skipuð.

Í henni sitja:

Valdimar Ólafsson formaður

Valur Valsson

Marjolijn Tiepen

Sindri Sigurðsson

Stefán Ágústsson

Gísli Guðjónsson

Fundir stjórnar

Á starfsárinu voru haldnir sjö formlegir fundir stjórnar auk funda fræðslunefndar, ásamt því að notast var við önnur samskiptaforrit vegna smærri erinda.

Fræðslustarf

Engin nýdómaranámskeið voru haldin í ár en upprifjunarnámskeið voru haldin á netinu í ljósi þeirra aðstæðna sem að uppi hafa verið í heiminum frá byrjun árs. Þessi nýbreytni tókst vel til og verður hún trúlega notuð meira í komandi framtíð.

Úthlutun dómara

Úthlutun dómara fór fram með hefðbundnum hætti en heldur seinna var farið af stað með það í ljósi þess að flest öll félög voru töluvert seinni að sækja um dómara vegna óvissu um mótahald fram eftir vori. Við úthlutun er reynt að gæta þess að þeir dómarar sem að hafa gild réttindi til dómgæslu fái sem jafnastan fjölda móta að dæma ár hvert.

Mót 2020

Fjöldi félagsmóta og annara opinna móta voru haldin í ár. GDLH í samstarfi við Hmf. Geysir hélt Gæðingamót Íslands 13.-16. júlí og tókst það vel til með um 170 keppendum. GDLH hélt þetta mót

fyrst árið 2019 og er þetta óformlegt Íslandsmót í gæðingakeppni, þar sem ekki er til formleg umgjörð um slíkt mót innan LH. Stjórn hefur oft velt því fyrir sér hvort að það sé í rauninni hlutverk GDLH að standa í mótahaldi sem slíku og hvort að það sé þá ekki hlutverk LH að standa að því og koma á fót umgjörð um formlegt Íslandsmót þar sem krýndur er Íslandsmeistari í hverri grein í gæðingakeppninni. Stjórn GDLH hefur sent erindi til stjórnar LH en fengið þau svör að einfaldara sé að hafa þetta í þeim farvegi sem að þetta er í dag.

World Rank mót

Stjórn ásamt fræðslunefnd í samstarfi við LH bjó til reglur varðandi WR mót í gæðingakeppni, þrjú slík mót voru haldin hérlendis í ár og vöktu þónokkra athygli og GDLH barst fjöldinn af fyrirspurnum varðandi mótin erlendis frá og stóð til að mót yrðu haldin af aðilum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku en vegna þeirra takmarkana sem að nágrannalönd okkar bjuggu við var þeim frestað til næsta árs. Ljóst er að mikill áhugi er fyrir alþjóðlegum WR lista í gæðingakeppni.

Gæðingakeppnin innan FEIF

Þann 30. ágúst barst stjórnnum GDLH og LH erindi frá stjórn FEIF hvort vilji væri til viðræðna um að gæðingakeppnin ætti samleið með FEIF. Stjórnir GDLH og LH tóku jákvætt í erindið og skipaður hefur verið starfshópur frá GDLH og LH til þess að ræða við FEIF í framhaldinu. Fyrir hönd GDLH sitja Jón Þorberg Steindórsson og Valdimar Ólafsson og fyrir LH eru Ágúst Hafsteinsson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir. Alexandra Montan Gray situr fyrir hönd FEIF.

Formaður GDLH

Jón Þorberg Steindórsson